Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Ársskýrsla 2016

Afhendingaskrá 2016

Fundargerðir 2016

Fjárhagsáætlun 2018

Bára Stefánsdóttir

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2016



Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Egilsstöðum
október 2017

Efnisyfirlit

Stjórn og aðalfundur 2
Starfsfólk 3
Rekstur 4
Húsnæði 5
Móttaka skjala, gesta og erinda 6
  Afhent skjöl 6
  Gestir og fyrirspurnir 6
Ráðgjöf og eftirlit með skjalamálum 7
  Skjalanámskeið 7
Ráðstefnur og fundir 8
Sýningar, kynningar- og útgáfustarf 9
  Safnkynningar og opið hús 9
  Nýr vefur 9
  Sýningar 10
  Jólakort og bókavaka 10
Ljósmyndasafn Austurlands 11
  Verkefni um skönnun og skráningu ljósmynda 2011-2015 11
  Ljósmyndavefur 11
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar 12
Sérverkefni 13
  Skönnun hreppsbóka 13
  Afritun hljóð- og kvikmyndaefnis 13
Skrá yfir afhendingar á árinu 2016 14

Forsíðumynd: Konur á landsfundi íslenskra kvenna í Reykjavík 1930. Úr safni frá Sigurði Blöndal.

Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga var haldinn í Neskaupstað 3. nóvember 2016. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, stjórn, forstöðumaður og fundarstjóri á vegum gestgjafa. Fulltrúar sveitarfélaga á aðalfundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur:	umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs
Breiðdalshreppur:	Anna Margrét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur:	umboð til fulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar
Fjarðabyggð:	Pétur Sörensson
Fljótsdalshérað:	Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótsdalshreppur:	Gunnar Gunnarsson
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Jónína Brá Árnadóttir
Vopnafjarðarhreppur:	umboð til fulltrúa Breiðdalshrepps

Núverandi stjórn var kosin á aðalfundi SSA 20. september 2014. Í henni sitja:

Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur: Ragnhildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Þórður Mar Þorsteinsson (til vara).

Fjarðabyggð: Björn Hafþór Guðmundsson (aðalmaður), Elvar Jónsson (til vara).

Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur: Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Þorbjörg Sandholt (til vara).

Ólafur er formaður stjórnar, Ragnhildur er varaformaður og Björn Hafþór meðstjórnandi.

Þrír stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2016: 18. febrúar, 31. maí og 26. september. Auk þess var fundað um Safnahúsið 7. desember 2016.[1]

[1] Fundargerðir eru aftar í þessari ársskýrslu og á vef safnsins: www.heraust.is.

Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins á árinu 2016 voru þrír. Bára Stefánsdóttir forstöðumaður í 100% starfi og Magnhildur Björnsdóttir skjalavörður í 80% starfi. Arndís Þorvaldsdóttir vann tímavinnu m.a. við undirbúning sýninga. Tveir starfsmenn voru verkefnaráðnir. Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir var í 50% starfi við skráningu ljósmynda og skjala. Ólöf Valgarðsdóttir sá um skönnun ljósmynda og ljósmyndavef í 2 mánuði.

María Sverrisdóttir menntaskólanemi var í starfsþjálfun á safninu ásamt aðstoðarkonu einu sinni í viku um veturinn. Um sumarið kom hún í vinnu a.m.k. tvisvar í viku í samvinnu við Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs eftir því sem heilsa og aðstæður leyfðu. Vann hún mest við að flokka kort og skrár af ýmsu tagi.

3. júní tóku starfsmenn í Safnahúsinu sig saman um menningar- og skemmtiferð til Seyðisfjarðar. Farið var í Fjarðarselsvirkjun og Tækniminjasafn Austurlands, borðaður hádegisverður á Öldunni og hluti hópsins gekk upp að hljóðskúlptúrnum Tvísöngur í hlíðum Seyðisfjarðar.

Starfsfólk í Safnahúsi við Fjarðarselsvirkjun. Frá vinstri: Elsa, Beata, Ingibjörg, Bára, Jóhanna, Magnhildur, Arndís og Edda.
Mynd: Minjasafn Austurlands.

Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins voru 22 millj. kr. á árinu 2016. Önnur rekstrarframlög (rekstrarstyrkur frá ríkinu og framlög Minjasafns Austurlands og SSA til Ljósmyndasafns Austurlands) voru 2,1 millj. Styrkir og aðrar tekjur voru 6,4 millj.

Rekstrartekjur ársins 2016 námu samtals 30,5 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 25,8 millj.[2] Tekjur ársins voru því 4,7 millj. yfir áætlun. Mismunurinn liggur helst í verkefnastyrkjum sem fengust á árinu, annars vegar 2,4 millj. vegna skönnunar á gömlum hreppsbókum og hins vegar 1 millj. vegna afritunar á hljóð- og myndefni.

Rekstrargjöld ársins 2016 námu 36,9 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 31,5 millj. Gjöldin voru því 5,4 millj. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 17,6 millj. (þar af áfallið orlof 104 þús.). Framlög til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og til skjalasafnsins í Neskaupstað voru alls 3,1 millj. Annar rekstrarkostnaður var 13,6 millj. en áætlun hljóðaði upp á 8,8 millj. Mismunurinn liggur í aðkeyptri vinnu vegna styrktra verkefna sem nam 4 millj. en síðari hluti verkefnastyrks (600 þús.) vegna skönnunar hreppsbóka var greiddur í byrjun árs 2017.

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. fyrir árið 2016 er því tap að fjárhæð 6,3 millj. Þar af eru 5,8 millj. vegna bókfærðar húsaleigu í Safnahúsi. Tap af öðrum rekstri var 501 þús.

Handbært fé var 2,7 millj. kr. í ársbyrjun en 2,8 millj. í árslok, hækkaði um 94 þús. milli áranna 2015 og 2016.

Nánari upplýsingar um rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. eru í ársreikningi.

[2] Hér er ekki vísað til fjárhagsáætlunar sem var lögð fram á aðalfundi í nóvember 2015 heldur nýrrar áætlunar sem var lögð fram í febrúar 2016. Þá kom í ljós að launahækkanir skv. nýjum kjarasamningum reyndust hærri en gert var ráð fyrir í þeirri áætlun sem var lögð fram á aðalfundi. Var því óskað eftir hærri framlögum frá aðildarsveitarfélögum safnsins sem var samþykkt og framlög hækkuðu úr 20 millj. í 22 millj.

Húsnæði

Loftræstikerfið í Safnahúsinu var hreinsað á árinu en það hafði ekki ekki verið gert síðan flutt var í húsið árið 1996. Í janúar voru skápar utanum hita- og loftræsti-stæðu og rakatæki hreinsaðir og stokkar þar á milli. Plata var sett í gólf undir rakatæki til að ull sem þar er berist ekki um húsið. Í lok apríl voru allir loftræstistokkar í húsinu hreinsaðir ásamt tilheyrandi lofttúðum. Á myndinni hér til hliðar má sjá dæmi um óþverra sem kom í ryksugu eftir hreinsun við rakatæki.

Í júní var brunaæfing í húsinu undir stjórn slökkviliðsstjóra. Í henni tóku þátt fastráðnir starfsmenn og sumarfólk. Úttekt á bruna- og öryggismálum fer fram árlega á vegum húseiganda.

Í lok árs 2015 komu starfsmenn frá Gott aðgengi í Safnahúsið til að gera úttekt á húsnæðinu að beiðni húseiganda. Skýrsla vegna úttektar barst í ágúst 2016. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við aðgengi fatlaðra og snúa þau atriði bæði að húseiganda, t.d. hæð þröskulda, og hins vegar að söfnunum sjálfum, t.d. hæð á bókahillum og lýsing.

7. desember hélt Fljótsdalshérað fund með stjórn og forstöðukonum Minja- og Héraðsskjala-safns vegna athugasemda okkar um að ýmsir reikningar sem við töldum tilheyra rekstri á Safnahúsinu og eftirliti á húsnæðinu gætu ekki talist hluti af 30 millj. kr. framlagi sem kaupandi skuldbatt sig til að leggja fram á næstu 2 árum eftir yfirtöku 2014. Ekki náðist samkomulag á fundinum nema að kostnaður vegna geymslu Minjasafns í Tjarnarási verði tekinn út.

Á fundinum kynnti Björn Ingimarsson bæjarstjóri teikningar af burst 2 í Safnahúsinu. 16. október höfðu hann og Illugi Gunnarsson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, undirritað viljayfirlýsingu um undirbúning og fjármögnun menningarhúss á Egilsstöðum. Annars vegar uppbyggingu í Sláturhúsinu. Hins vegar verði reist ný burst við Safnahúsið, líkt og ráð var fyrir gert í upprunalegum teikningum, sem verði til að bæta aðstöðu fyrir safnkost, sýningar og rannsóknarstörf. Gert var ráð fyrir fjárheimildum í verkið á fjárlögum ársins 2018. Af þessum áformum hefur ekki orðið þegar þetta er ritað.

Rakatæki í tæknirými Safnahússins var oft bilað á árinu. Fljótsdalshérað samþykkti, nú sem eini eigandi Safnahússin, að kaupa nýtt rakatæki en fyrir því höfðu forstöðumenn safna í húsinu barist í mörg ár. Rafey hóf uppsetningu tækisins 28. desember en á gamlársdag var húsið orðið fullt af raka. Líklega vegna þess að ekki var búið að stilla búnað þannig að rakatæki hætti að dæla raka inn í húsið þegar hann er kominn upp að ákveðnu % marki. Svo vel vildi til að Jóhanna á bókasafni Héraðsbúa kom í húsið þennan dag og lét okkur vita af ástandinu. Var haft samband við Rafey, slökkt á rakatækinu, allar hurðir og gluggar opnaðir og farið að þurrka bleytu úr gluggum.

Ljóst er að ef ekki hefði verið brugðist strax við hefðu skjöl, bækur og aðrir munir í húsinu legið undir skemmdum. Menn frá Rafey komu svo á nýju ári til að stilla rakatækið og er mikill munur að hafa slíkt tæki í lagi þó byrjunin hafi ekki verið glæsileg. Raka- og hitastig er nú stöðugra, ekki síst vegna þess að tækið gengur án viðvarandi bilana. Hins vegar er það galli að rakatæki dælir raka í húsið ef þess þarf en ekki er hægt að minnka rakann ef hann fer yfir ákveðin mörk heldur stjórnast hita- og rakastig nokkuð af veðrinu utandyra.

Móttaka skjala, gesta og erinda

Formlegur opnunartími var óbreyttur frá fyrra ári: mánudaga til fimmtudaga kl. 12-16. Starfsfólk var þó jafnan við störf alla daga vikunnar.

Afhent skjöl

Skjalaafhendingar til safnsins á árinu 2016 voru 76 en misjafnlega stórar. Allt frá einu skjali eða ljósmynd upp í marga skjalakassa eða full myndaalbúm. Af þeim voru 35 afhendingar á pappír (t.d. bréf og gjörðabækur), 19 ljósmyndaafhendingar, 2 afhendingar á hljóð- og kvikmyndaefni og 20 afhendingar af blönduðu efni.

Um var að ræða 48 afhendingar frá einstaklingum, 13 afhendingar frá skilaskyldum aðilum, 8 afhendingar frá félögum eða samtökum og 7 afhendingar frá fyrirtækjum. Í langflestum tilvikum kom það í hlut starfsmanna safnsins að ganga frá skjölum í viðurkenndar umbúðir og skrá efnið.

Á árinu 2016 var lokið við að skrá skjöl frá Hallormsstaðaskóla sem voru sótt í skólann haustið 2014. Frágengið og skráð var skjalasafn skólans samtals 93 skjalaöskjumr eða 6,5 hillumetrar. Þá eru ljósmyndir, hljóð- og kvikmyndaupptökur ekki taldar með. Byrjað var að skrá skjalasafn SSA, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, en því verki lauk ekki fyrr en 2017.

Gestir og fyrirspurnir

Á árinu 2016 leituðu 1280 aðilar til skjalasafnsins. Skiptust þeir þannig:

Gestir og fyrirspurnir/erindi 2016	*fjöldi*
Einstaklingar/skólanemar	866
Opinberar stofnanir	348
Fyrirtæki	50
Félagasamtök	16
samtals:	**1280**

Þar af komu 844 á safnið sjálft, önnur erindi bárust gegnum síma eða með pósti.
Hver safngestur/viðskiptavinur fékk úrlausn á ýmsum málum (sumir fleiri en einu). Flestir sem höfðu samband komu af Austurlandi eða 742 aðilar:

Tegundir fyrirspurna/erinda 2016	*fjöldi*
Almenn erindi, viðburðir, safnkynningar	241
Ljósmyndir	237
Bókasafn	219
Leit að skjölum	183
Lestrarsalur	127
Móttaka skjala og ljósmynda	91
Ráðgjöf um skjalamál	78
Manntöl og kirkjubækur (lesvél)	76
Ljósritun/prentun/skönnun	75
Kvikmynda- og hljóðefni	6
samtals:	**1333**

Heimili/aðsetur gesta/fyrirspyrjenda 2016	*fjöldi*
Austurland	742
Höfuðborgarsvæðið	162
Norðurland	30
Erlendis	30
Suðurland og Reykjanes	19
Óþekkt aðsetur	10
Vesturland og Vestfirðir	2

Ráðgjöf og eftirlit með skjalamálum

Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er í fyrsta sinn kveðið á um að héraðsskjalasöfn skuli hafa eftirlit með afhendingarskyldum aðilum. Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á að skjalastjórn og skjalavarsla séu í samræmi við lög og reglur þar um. Starfsmenn opinberra skjalasafna skulu gæta fyllstu þagmælsku um upplýsingar sem varða fjárhags- og einkamálefni.

Afhendingarskylda til héraðsskjalasafns gildir um:

- sveitarfélög, allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnsýslu
- byggðasamlög og aðra aðila sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsýsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga
- sjálfseignarstofnanir og sjóði sem stofnuð hafa verið með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum í þeim tilgangi að sinna einkum opinberum verkefnum
- stjórnsýsluaðila einkaréttareðlis hafi þeim á grundvelli laga verið fengið vald til þess að taka stjórnvaldsákvarðanir af hálfu sveitarfélags
- einkaréttarlega lögaðila sem tekið hafa að sér verkefni skv. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga
- lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu sveitarfélaga

Á árinu 2016 leituðu ýmsir skilaskyldir aðilar ráða varðandi skráningu, frágang og afhendingu á skjölum. Héraðsskjalavörður hefur búið til leiðbeiningar þar sem vísað er til helstu reglna og leiðbeininga um skjalamál. Unnið var að nýjum málalykli og skjalavistunaráætlun fyrir Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað í samvinnu við skjalastjóra þeirra. Sambærileg vinna fyrir Egilsstaðaskóla er hafin.

Skjalanámskeið

Í apríl stóðu Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Þjóðskjalasafn Íslands fyrir dagsnámskeiði á Egilsstöðum um skjalavörslu opinberra aðila. Farið var yfir lagaumhverfi skjalastjórnar, skráningu mála og málalykil, skjalavistunaráætlun, grisjun, rafræna skjalavörslu, frágang og skráningu á pappírsskjölum. Kennarar á námsmkeiðinu voru Njörður Sigurðsson og Árni Jóhannsson frá Þjóðskjalasafni Íslands og Bára Stefánsdóttir frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Námskeiðið var haldið að frumkvæði héraðsskjalavarðar og vel sótt þar sem 31 starfsmaður sveitarfélaga og ríkis á Austurlandi sat námskeiðið.

Frá námskeiði í skjalavörslu.
Mynd: Þjóðskjalasafn Íslands.

Ráðstefnur og fundir

Árlegur fundur héraðsskjalavarða og Þjóðskjalasafns Íslands var haldinn í Reykjavík 28. apríl. Meðal efnis var tölfræði fyrir skjalasöfn, eftirlitskönnun ÞÍ með starfsemi héraðsskjalasafna og afgreiðsla trúnaðargagna í opinberum skjalasöfnum.

Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða fyrir starfsfólk skjalasafna var haldin í Mosfellsbæ dagana 6.-7. október. Ýmis fróðleg erindi voru flutt á ráðstefnunni sem Bára og Magnhildur tóku þátt í. Þar var meðal annars fjallað um eftirlit með skilaskyldum aðilum, öryggisáætlanir fyrir skjalasöfn og skjalamál búsetukjarna fatlaðra. Auk þess var aðalfundur félagsins á dagskrá.

Héraðsskjalasöfnin gáfu út bækling um starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna. Bæklingnum ásamt bókamerki var dreift til nemenda sem koma í skipulagða heimsókn á safnið í fylgd kennara. Þrjár konur úr hópi héraðsskjalavarða hönnuðu bæklinginn og skrifuðu efni hans í samráði við aðra héraðsskjalaverði.

Bára fór á námskeið um RDA skráningu í Reykjavík 14.-15. mars. Námskeiðið var hluti af innleiðingu nýrra skráningarreglna fyrir bækur og önnur gögn í Gegni.

Haustfundur bókasafna á Austurlandi var haldinn á Egilsstöðum 23. september. Á dagskrá var m.a. námskeið um Gegni og Leitir.is á vegum Landskerfis bókasafna.

Þátttakendur á ráðstefnu skjalavarða í Mosfellsbæ.
Mynd: Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

Sýningar, kynningar- og útgáfustarf

Héraðsskjalasafnið stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu, sumum í samvinnu við önnur söfn í Safnahúsinu. Þar ber hæst sýning um Jón frá Möðrudal og viðburðir vegna 40 ár afmælis Héraðsskjalasafns Austfirðinga.

Safnkynningar og opið hús

Um 100 manns lögðu leið sína í Safnahúsið á sumardaginn fyrsta 21. apríl en þá stóðu söfnin þrjú fyrir afmælisfagnaði og opnu húsi. Tilefni hátíðahaldanna var að árið 2016 voru 60 ár liðin frá stofnun Bókasafns Hérðsbúa, 40 ár frá stofnun Héraðsskjalasafns Austfirðinga og 20 ár frá því að Safnahúsið var formlega opnað. Flutt voru ávörp, stúlknakórinn Liljurnar tóku lagið og gestum var boðið að þiggja veitingar, skoða sýningar og kynna sér starfsemi safnanna.

Kristrún Jónsdóttir (Dúrra), sem starfaði á Bókasafninu um árabil, sagði frá flutningum milli húsa í bænum og bókum sem alltaf týndust. Steinunn Kristjánsdóttir, fyrsti safnstjóri Minjasafnsins, lýsti flutningi safngripa úr geymslum í ný húsakynni í Safnahúsinu og starfseminni fyrstu árin. Þá sagði Arndís Þorvaldsdóttir skemmtilegar sögur úr starfi Héraðsskjalasafnsins.



Afmælistertan.
Mynd: Bókasafn Héraðsbúa.

Ýmsir skólahópar komu til að kynna sér safnið eða leita heimilda um verkefni. Skipulagðar heimsóknir í samstarfi við kennara voru frá mið- og unglingastigi Brúarásskóla, 7. bekk Nesskóla og 10. bekk Fellaskóla. Nemendur í áfanganum *Listir á líðandi stundu* í Menntaskólanum á Egilsstöðum heimsóttu safnið í janúar, apríl og nóvember.

Í október þáðu Arndís og Magnhildur boð um að fara í heimsókn til eldri borgara á Vopnafirði og taka þátt í myndagrúski.

Nýr vefur

Vefur safnsins heraust.is var orðinn úreltur og var því ráðist í uppfærslu á honum. Edda Langworth hjá Elan margmiðlun í Kanada setti upp nýja útgáfu af Joomla vefkerfinu, hannaði nýtt útlit og flutti allt efni gamla vefsins í nýtt umhverfi. Samhliða vann starfsfólk safnsins að því að endurskrifa texta, skrifa efni á nýjar síður og velja ljósmyndir til birtingar á vefnum. Vefurinn var opnaður á aðalfundi safnsins í nóvember en hann er hýstur hjá An lausnum á Egilsstöðum.

Sýningar

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Minjasafn Austurlands og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs opnuðu sýningu um Jón A. Stefánsson frá Möðrudal í Sláturhúsinu þann 17. júní. Á sýningunni voru til sýnis málverk, útskornir gripir og aðrir munir tengdir Jóni úr safnkosti safnanna tveggja. Uppbyggingarsjóður Austurlands og Fljótsdalshérað styrktu sýninguna.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu 2015 að lána sýningarspjöld sem höfðu lokið hlutverki sínu í Safnahúsinu til sveitarfélaga sem höfðu áhuga á að setja þau upp í sínum húsakynnum. Í lok janúar fór Bára í Tryggvabúð, félagsaðstöðu eldri borgara á Djúpavogi, til að opna sýningu um kvenljósmyndara á Austurlandi. Áður en sýningin var tekin niður í Safnahúsi komu eldri borgar úr Hlymsdölum í heimsókn. Spjöld um Sigfús Sigfússon þjóðsagnaritara voru höfð til sýnis á Haustroða á Seyðisfirði og fóru þaðan til Breiðdalsvíkur.

Norræni skjaladagurinn var 12. nóvember og þema hans að þessu sinni var *Til hnífs og skeiðar*. Héraðsskjalasafnið birti tvær greinar á vefnum skjaladagur.is. „Hlaup kent við konungssoninn í Waleslandi“ fjallaði um matseðil frá brúðkaupsveislu á Búðum í Fáskrúðsfirði árið 1909. Hins vegar var birt brot úr dagbók Ara Brynjólfssonar í Papey 1882-1883. Vefur skjaladagsins er í umsjá Þjóðskjalasafn Íslands en héraðsskjalasöfnin leggja einnig til efni.

Jólakort og bókavaka

Jólakort ársins 2016 var helgað Héraðsskjalasafni Austfirðinga í tilefni af 40 ára afmæli safnsins en það var stofnað árið 1976. Hrafnkell Lárusson skrifaði grein um sögu safnsins sem birtist í Múlaþingi og styttri útgáfa var sett á vef safnsins.

Um 35 gestir mættu á árlega bókavöku sem var haldin í Safnahúsinu 26. nóvember í góðri samvinnu Héraðsskjalasafns, Bókasafns Héraðsbúa og Minjasafns Austurlands. Að venju var áherslan á austfirska útgáfu og bækur eftir höfunda sem búsettir eru í fjórðungnum. Nokkrir höfundar og þýðendur mættu og lásu úr bókum sínum en starfsfólk sá einnig um upplestur.

Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og rekið með framlagi frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Framlagið er í raun lægra en raunverulegur launakostnaður við safnið. Er því tímabært að leita samninga um að SSA og Minjasafnið hækki árlegt framlag sitt til safnsins.

Myndasöfn Ljósmyndasafnsins spanna allt frá mannamyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til frétta- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar. Ýmsir aðilar, bæði einstaklingar og safnafólk, hafa aðstoðað okkur við að bera kennsl á einstaklinga og staði á ljósmyndum. Óþekktar myndir hafa verið birtar í *Austurglugganum* og oft fást upplýsingar um nöfn með því móti.

Verkefni um skönnun og skráningu ljósmynda 2011-2015

Árið 2015 lauk samstarfsverkefni héraðsskjalasafna Austfirðinga, Árnesinga og Skagfirðinga. Á þessu 5 ára tímabili fékk hvert safn úthlutað 24,5 millj. kr. af fjárlögum til atvinnuskapandi verkefnis sem fólst í að skanna og skrá ljósmyndir og birta á vef. Auk þess kom styrkur frá Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Seyðisfjarðarkaupstað og Borgarfjarðarhreppi. Á tímabilinu voru skannaðar samtals 81.203 ljósmyndir í vörslu safnsins og 68.809 þeirra skráðar. Er þá átt við skráningu í FotoStation myndakerfið en sumar myndirnar voru þegar skráðar í gagnagrunninn FileMaker. Enn eru elstu myndirnar sem berast safninu skráðar í FileMaker áður en þær fara til skönnunar. Tekin var ljósmynd af 248 myndum í römmum og reyndust sumar alveg óskráðar og merktar Minjasafni og voru þær því skráðar í kerfi beggja safna (FotoStation og Sarp).

Ljósmyndavefur

Ljósmyndavefur á slóðinni myndir.heraust.is var opnaður árið 2014. Á vefnum voru þá um 55 þúsund myndir. Í lok árs 2016 var fjöldi mynda á vefnum kominn í rúmlega 70 þúsund. Skannaðar myndir eru ekki allar birtar á vefnum, m.a. vegna óvissu um höfundarrétt. Ekki er hægt að slá föstu hversu margar myndir eru til hjá Ljósmyndasafninu þar sem hluti safnsins er óskráður. Þ.e. hver afhending hefur verið skráð í aðfangaskrá en ekki er búið að skrá hverja mynd. Sífellt bætist við safnið, bæði ljósmyndir á pappír, filmur, myndskyggnur og myndir á stafrænu formi. Myndum á ljósmyndavefnum á því eftir að fjölga eftir því sem fjármagn fæst til frekari skönnunar.

Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Árið 2016 bættust 211 titlar við bókasafnið. Um er að ræða bækur sem keyptar voru af rekstrarfé safnsins (framlög skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafns) en einnig berast safninu ýmsar bókagjafir. Aðfangalistann má sjá á vefsíðu safnsins og hægt er að leita í bókakosti safnsins á vefnum leitir.is. Heildarfjöldi titla í lok árs 2016 var 11.786. Bókasafninu tilheyrir einnig veglegt safn gamalla og nýrra tímarita, sum þeirra innbundin, alls um 500 titlar. Enn bætist við tímaritakostinn því um 40 titlar eru í áskrift.

Á árinu voru lánaðar út 117 bækur en ýmsar bækur eru ekki til útláns heldur til afnota á lestrarsal. Auk þess nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins afar vel í daglegum störfum, t.d. við skráningu skjala og ljósmynda en ekki síður við sýningargerð og til að geta svarað fyrirspurnum sem berast.

Austurbrú ákvað á árinu að vera ekki lengur þátttakandi í Landskerfi bókasafna. Ýmsar stofnanir höfðu skráð bækur í sinni eigu sem undirdeild undir Austurbrú (áður Þekkingarnet Austurlands). Ákveðið var að bækur sem eru staðsettar hjá Gunnarsstofnun færu undir Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar sem safndeildin Skriðuklaustur í Gegni. Heildarfjöldi eintaka sem færðist þannig á milli safna var 412 bækur, þar af voru 187 ekki til hjá okkur.

Héraðsskjalasafnið hefur markað sér þá stefnu að einskorða innkaup við fræðilegt efni, einkum á sviðum sagnfræði, félagssögu og ættfræði. Einnig er reynt að kaupa allar bækur sem fjalla um Austurland og bækur sem eru eftir Austfirðinga. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförnum árum verið byggt upp sem rannsóknarbókasafn með sérhæfðari safnkost en bókasöfn ætluð almenningi. Gott samstarf er við almenningsbókasöfnin á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu settar í millisafnalán og gagnast þær því fólki um allt Austurland.

Sérverkefni

Á árinu 2016 fékk Héraðsskjalasafnið dágóða styrki til að sinna sérstökum verkefnum.

Skönnun hreppsbóka

Í janúar auglýsti Þjóðskjalasafn Íslands úthlutun verkefnastyrkja skv. fjárlögum 2016. Til úthlutunar voru 15 millj. kr. til skönnunar- og miðlunarverkefna. Héraðsskjalasafnið í samvinnu við Skjala- og myndasafn Norðfjarðar fékk 3 millj. kr. styrk til að skanna elstu hreppsbækur af Austurlandi. Á árinu 2016 voru afritaðar 205 bækur/bögglar frá eftirtöldum hreppum eða sveitarfélögum: Breiðdalshreppur, Búðahreppur, Egilsstaðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Stöðvarfjörður og Vopnafjörður. Einnig gjörðabók oddvitafunda um Sjúkraskýlið á Brekku. Samtals voru þetta 35.167 ljósmyndir. Meirihluti skjala er í geymslu hér á Egilsstöðum en þar sem Skjalasafnið á Neskaupstað á bókaskanna voru skjalaöskjur lánaðar þangað og verkið unnið af starfsmanni sem var fenginn í það verkefni sérstaklega.

Myndræn birting á skjölum krefst annars vefumhverfis og skráningar en myndir af ljósmyndum. Þrjú héraðsskjalasöfn eru að vinna að hönnun vefútlits sem hentar til birtingar á skönnuðum skjölum. Vonir standa til að Héraðsskjalasafn Austfirðinga geti tekið þátt í því samstarfi og hafið birtingu á myndum af gömlum hreppsbókum á árinu 2018.

Afritun hljóð- og kvikmyndaefnis

Í júní fékk safnið hæsta styrk úr samfélagssjóði Alcoa eða kr. 1 milljón til að gera stafræna afritun af hljóð- og myndefni um héraðs- og menningarsögu Austurlands. Samið var við Myndbanda-vinnsluna og Kvikmyndasafn Íslands um að afrita hljóð- og myndupptökur á filmum, böndum, snældum og spólum í vörslu safnsins og færa yfir á stafrænt form. Voru það um 90 titlar, þeirra á meðal kvikmyndin *Austurland* eftir Eðvarð Sigurgeirsson tekin fyrir Austfirðingafélagið á Akureyri á árunum 1960-1966 og hljóðupptökur frá héraðsvökum á vegum Menningarsamtaka Héraðsbúa á árunum 1968-1986. Afritin eru geymd á flakkara en frumeintökin fara á fyrri stað í safninu.

Magnhildur Björnsdóttir í hópi styrkþega.
Mynd: Alcoa Fjarðaál.

Skrá yfir afhendingar á árinu 2016

Ár	Nr.	Afhendingaraðili	Heiti safns - Skjalamyndari	Innihald
2016	1	Jósef Valgarð Þorvaldsson	Hrossaræktarsamband Austurlands	Fundargerðabók 1997-2005. Bréf, reikningar, gögn 2004-2014
2016	2	Vigfús Ingvar Ingvarsson	Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi	Kirkjulíf á Austurlandi, tölublöð í maí 1996 og júlí 1999.
2016	3	Kristinn Tryggvason, Ásgerður Albertsdóttir og Oddrún Albertsdóttir	Þorvaldur Jónasson, húsgagnasmiður	Vottorð, skírteini, námsbréf og teikningar í húsgagnasmíði, tækifæriskort, filmur og skólaspjald frá Danmörku 1934.
2016	4	Isavia Egilsstöðum	Flugfélag Austurlands hf	Borðfánar, umslög, bréfsefni, reikningseyðublöð og hlutabréfaeyðublöð merkt FA.
2016	5	Lilja Ester Ragnarsdóttir	Jón Hallason frá Sturluflöt	Þrjár myndir í ramma.
2016	6	Gunnar Björnsson	Sigurlaug Jónsdóttir Hofi	55 ljósmyndir, flestar þekktar.
2016	7	Grunnskólinn í Breiðdalshrepp	Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	Skólablað 2014 og 2015.
2016	8	Minjasafn Austurlands	Hildur Stefánsdóttir Freyshólum	Ljósmynd í ramma. Sigríður Árnabjörnsdóttir ljósmóðir.
2016	9	Minjasafn Austurlands	Vilborg Einarsdóttir frá Geirólfsstöðum	Ljósmynd í ramma. Vilborg Einarsdóttir frá Geirólfsstöðum.
2016	10	Jón B. Guðlaugsson	Jón Benedikt Guðlaugsson	Skjöl frá Seyðisfirði 1888 - 1916. Leigusamningar, kaupsamningar, afsöl og skuldabréf. Meðal annars tengt hlutafélaginu Framtíðin og Jóni G. Jónassyni.
2016	11	Philip Vogler	Útileikhúsið Hér fyrir austan	Hljóðsnælda með upptöku Vilhjálms Einarssonar 1995. Myndskyggna mótekjunámskeið.
2016	12	Philip Vogler	Philip Vogler	Gögn um kertafleytingar á Egilsstöðum og Seyðisfirði í þágu friðar 2009, 2010, 2011.
2016	13	Jón Atli Gunnlaugsson	Gunnlaugur Eiríksson Setbergi	Viðskiptabók 1 við Innlánsdeild KHB Reyðarfirði árin 1954-1975
2016	14	Elfríð Pálsdóttir	Elfríð Pálsdóttir	3 ljósmyndir í lit frá Mjóafirði. Bókin Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982.
2016	15	Stefán Bragason	Surtsstaðir / Eiríksstaðir, fjölskyldumyndir	Gamlar ljósmyndir 64 stk. Flestar merktar.
2016	16	Stefanía Steinþórsdóttir	Steinþór Eiríksson og Þórunn Þórhallsdóttir	Ljósmyndir 27 svarthvítar, 4 í lit. Upplýsingar um flestar.
2016	17	Bókasafn Seyðisfjarðar Sólveig Sigurðardóttir	Stefán Ingvar Sveinsson, Seyðisfirði	Bréf, reikningar, víxlar, símskeyti og erindisbréf f. vélagæslumenn rafstöðvar við Fjarðarsel.

2016	18	Magnús Kristjánsson	Jón Friðrik Karlsson	Fjölskyldumyndir 6 stk. og meiraprófsnámskeið 1965.
2016	19	Lögmenn Suðurlandi / Ólafur Björnsson hrl.	Lögmenn Suðurlandi	Þjóðlendumál í Vopnafirði: Áslaugarstaðir, Hvammsgerði, Mælifell og Selsárvellir.
2016	20	Fljótsdalshérað / Stefán Bragason	Fljótsdalshérað	Þrjár fundargerðabækur 2015. Bæjarstjórn, bæjarráð, nefndir, sjóðir og afgreiðslufundir byggingafulltrúa.
2016	21	Jóhanna Hafliðadóttir	Nytjamarkaður Rauða kross Íslands	Mynd af barni (11x15 cm) límd á karton. Óþekkt.
2016	22	Minjasafn Austurlands	Safnastofnun Austurlands - Vigfús Sigurðsson frá Egilsstöðum í Fljótsdal	Eftirtökur af ljósmyndum Vigfúsar hjá Þjóðminjasafni. Ljósrit af teikningum Vigfúsar.
2016	23	Skólaskrifstofa Austurlands / Jarþrúður Ólafsdóttir	Skólaskrifstofa Austurlands	Gögn um grunnskólanema, 9 öskjur. Mest árgangur f. 1999. Trúnaðarmál.
2016	24	Steinunn Stefánsdóttir	Dánarbú Ragnars Sigurbjörnssonar	Mynd í ramma af Sigurbirni Björnssyni Skriðustekk. Kvittun f. minningargjöf til Landspítala.
2016	25	Jóhanna Sigmarsdóttir	Múlaprófastsdæmi	Vísitasíur prófasts 2002. Heimagrafreitir í Múlaprófasts-dæmi. Héraðsfundir, skýrslur og fundargögn 2005-2015.
2016	26	Seyðisfjarðarkaupstaður / Vilhjálmur Jónsson	Seyðisfjarðarkaupstaður	6 gjörðabækur: bæjarráð 1978-1986, bæjarstjórn 1980-1986.
2016	27	Jón B. Guðlaugsson	Jón Benedikt Guðlaugsson	Bók: Vestrænir ómar 18 sönglög eftir Þórarinn Sveinsson.
2016	28	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Ragnheiður Ragnarsdóttir frá Fossvöllum	Ljósmynd svarthvít: Ragnar og Guðný Gunnarsbörn Fossvöllum.
2016	29	Þór Halldórsson	Kaupfélag Vopnfirðinga	Bókhaldsbækur kaupfélagins, úr dánarbúi Halldór Halldórssonar. Höfuðbækur og ársreikningar 1938-1951. Viðskiptamannabók 1942, 1952 og 1953.
2016	30	Fjarðabyggð - Bergey Stefánsdóttir og Helga Elísabet Guðlaugsdóttir	Félagsþjónusta Fjarðabyggðar	24 öskjur með trúnaðargögnum frá árabilinu 1970-2012, sumt fyrir sameiningu. Fundargerðir, einstaklingsmál.
2016	31	Kaupfélag Héraðsbúa / Björn Ágústsson	Kaupfélag Héraðsbúa	Myndir, málverk og skjöl.
2016	32	Edda Björnsdóttir	Sigrún Einarsdóttir Miðhúsum	19 ljósmyndir frá Eiðaskóla og kirkju Loðmundarfirði og Eiðum.
2016	33	Skógrækt ríkisins / Þröstur Eysteinsson	Skógrækt ríkisins	Tíðindi frá 5. flokksþingi Framsóknarmanna Rvk. 1937.

2016	34	Sveinn Þórarinsson	Sveinn Þórarinsson	Gögn nefndar um skráningu og ráðstöfun lausafjármuna Alþýðuskólans á Eiðum.
2016	35	Stefanía Hrafnkelsdóttir	Sigurður Vigfússon	Ljósmyndir og filmur úr dánarbúi Sigurðar Vigfússonar. Mest landslagsmyndir og myndir af byggingum. Einnig bréf og skjöl.
2016	36	Ástrún Einarsdóttir	Kristjana Sesselja Einarsdóttir og Einar Bjarnason Stóra-Steinsvaði	26 svarthvítar ljósmyndir úr fjölskyldusafni, flestar þekktar.
2016	37	Jóna Vilborg Friðriksdóttir	Friðrik Jónsson, Þorvaldsstöðum Skriðdal	Virðingabækur Brunabótafélag Ísl. fyrir Skriðdalsumboð 1933-1958, laus blöð 1977-1983.
2016	38	Fljótsdalshérað / Stefán Bragason	Fellahreppur	Gjörðabækur fyrir vegasjóð Fellahrepps 1937-1942, byggingarnefnd 1962-1990, gjafasjóð Gísla Helgasonar og Dagnýjar Pálsdóttur 1953-1995. Viðskiptabækur 1941-1985. Hreppsnefndarmenn í Fellum 1900-1978.
2016	39	Katrín Gísladóttir	Þuríður Briem frá Eyjum í Breiðdal	26 ljósmyndir (sumt eftirtökur) og 1 ærbók.
2016	40	Stefán Bragason	Ungmennafélagið Vísir Jökulsárhlíð	Félagaskrá 1919 - 1949 og ársreikningarbók 1915 - 1935.
2016	41	Karen Tómasdóttir	Einar Ástráðsson læknir á Eskifirði	Ýmis gögn s.s. ljósmynd af húsi og íbúum í Sjávarborg Eskifirði 1929-1961. Ljósrit um skipulag í Eskifjarðarhreppi 1926-1930.
2016	42	Elísabet Sveinsdóttir	Guðný Pétursdóttir og Sveinn Ólafsson	60 fjölskyldumyndir nær allar merktar. Flestar svarthvítar.
2016	43	Gerður Guðmundsdóttir	Guðmundur Björnsson og Dagný Karlsdóttir frá Múla Í Álftafirði	Myndaalbúm, meistarabréf, leyfisbréf og skipunarbréf v. náms og starfa. Bréf varðandi stofnun nýbýlisins Múla. Skírteini frá Óskari Karlssyni.
2016	44	Páll Sigfússon og Þórey Guðný Eiríksdóttir	Páll Sigfússon og Þórey Eiríksdóttir Hreiðarsstöðum	3 myndir, frásögn af Bjarna Árnasyni eftir Sigurð Kristinsson.
2016	45	Sagnabrunnur ehf. / Rannveig Þórhallsdóttir	Sagnabrunnur ehf. / Seyðisfjarðarkaupstaður	Varðveisla gamalla hljóð-upptakna á Austurlandi. Skýrsla um verkefnið, skrá yfir upptökur sem fluttar voru á stafrænt form. Harður diskur. Frumgögn fylgja á böndum.
2016	46	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Ragnheiður Ragnarsdóttir frá Fossvöllum	Ein ljósmynd í lit: Svanlaug, Vilborg og Sigbjörn Jóhannsbörn.
2016	47	Anna Margrét Birgisdóttir	Barnastúkan Sunna Breiðdal	Fundargerðabók 1962 - 1964.

2016	48	Anna Margrét Birgisdóttir	Lestrarfélag / Bókasafn Breiðdalshrepps	Fundargerðabók 1978 - 1995.
2016	49	Guðjón Smári Valgeirsson	Vopnafjarðarhreppur	Ýmsar hreppsbækur úr Torfastaðaskóla.
2016	50	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Póstur og sími Fossvöllum	Minnisbók Landsímastöðvar á Fossvöllum 1910-1954. Bréfhirðingabók 1929-1954. Póstkvittunarbók 1929 - 1978.
2016	51	Þórhallur Árnason / Kristín Þórhallsdóttir	Þórhallur Árnason	Límmiðar frá fyrirtækjum á Austurlandi.
2016	52	Benedikt Blöndal / Sigrún Blöndal	Sigurður Blöndal og Guðrún Sigurðardóttir	Gögn frá Benedikt og Sigrúnu Blöndal, Sigurði Blöndal og Guðrúnu Sigurðardóttir. M.a. munstur, skólaspjöld og myndir. Kirkjusaga Péturs Pétursonar 1841. Minnisbækur og fleira frá Páli Guttormssyni. Nótnabækur frá Halldóru Friðriksdóttur.
2016	53	Heiðbjört Björnsdóttir	ITC Dögun Vopnafirði	Gögn frá ITC Dögun, félagi málfreyja á Vopnafirði. Gestabók frá stofnfund 1989 til 1993. Dagskrár, söngbækur, bréf, skýrslur, handbækur og fleira.
2016	54	Kristín Gissurardóttir	Kristín Jónsdóttir frá Gilsárvöllum	Matreiðslubók 1904, rituð í Húsmæðraskólanum í Reykjavík, Iðnaðarmannahúsinu.
2016	55	Héraðsskjalasafnið á Akureyri / Aðalbjörg Sigmarsdóttir	Indriði Helgason rafvirki frá Skógargerði í Fellum	Teikning: Raflínulagnir í Mjóafirði 1922.
2016	56	Jóhanna Harðardóttir	Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Gögn frá árunum 1990 -1996 m.a. félagaskrár, leikskrár og myndir.
2016	57	Katrín Gísladóttir Briem	Ólafur Briem	50 gamlar ljósmyndir úr albúmi. Flestar merktar.
2016	58	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Kvenfélagið Kvik, Seyðisfirði	Handrit leikrita frá Kvenfélaginu Kvik.
2016	59	Fjarðabyggð Guðmundur Sveinsson	Stöðvarhreppur	Fundargerðabækur: Hreppsnefnd 1994-2003. Hafnarnefnd 1978-2003. Skipulags- og byggingarnefnd 2002-2003. Fræðslunefnd 2002-2003. Samstarfsnefnd um sameiningu Búða- og Stöðvarhrepps 2003.
2016	60	Héraðsskjalasafn Svarfdæla / Laufey Eiríksdóttir	Benedikt Guttormsson og Fríða Hallgrímsdóttir	Ein fjölskyldumynd svart hvít.
2016	61	Minjasafn Austurlands	Kaupfélag Héraðsbúa	Stórar myndir flestar í römmum af skrifstofu K.H.B.

2016	62	Guttormur Metúsalemsson	Rósa Bergsteinsdóttir og Metúsalem Ólason	Ljóðakveðja til læknishjónanna Ara Jónssonar og Sigríðar Þórarinsdóttur. 10 gamlar myndir flestar merktar, 1 póstkort.
2016	63	Ólafía Herborg Jóhannsdóttir	Egilsstaðaskóli	Myndskreytt dagatal eftir 10. bekk í Egilsstaðaskóla 1994.
2016	64	Edda Björnsdóttir	Edda Björnsdóttir	Svarthvít ljósmynd. Bergþór Þorsteinsson.
2016	65	Guðný Hildigunnur Sigþórsdóttir	Guðný Hildigunnur Sigþórsdóttir	Listi yfir gamlar símhringingar á bæi sem tengdust símstöðinni á Hjaltastað.
2016	66	Leikfélag Fljótsdalshéraðs / Einar Rafn Haraldsson	Rögnvaldur Erlingsson frá Víðivöllum	Handrit að leikritinu Sunnefa og sonur ráðsmannsins eftir Rögnvald Erlingsson
2016	67	Björn Björnsson	Björn Björnsson, Hallormsstað	Ýmsir bækur, bæklingar, markaskrár og pólitísk smárit.
2016	68	Jóhanna Guðmundsdóttir	Guðmundur Jónsson og Málfríður Hrólfsdóttir, Höskuldsstöðum í Breiðdal	Skjöl, bréf, viðskiptabækur, bæklingar og bækur. M.a. túnkort 1919.
2016	69	Minjasafn Austurlands	Vigfús Sigurðsson Egilsstöðum & Teigarhorn & Þorvaldsstaðir	Gamlar bækur, vörulistar og skipaáætlanir. Frá Egilsstöðum í Fljótsdal, Teigarhorni, Þorvaldsstöðum í Skriðdal.
2016	70	Minjasafn Austurlands	Jóhannes Sveinsson Kjarval	Bækur og skjöl eftir Kjarval eða úr eigu fjölskyldunnar. Nótnabækur frá Ingimundi fiðlu.
2016	71	Húsmæðraskólinn á Hallormsstað / Bryndís Fiona Ford	Húsmæðraskólinn á Hallormsstað	Reglugerð, starfsskýrslur 1933-1963, reikningar 1934-1949 o.fl.
2016	72	Hálfdan Haraldsson / Þórunn Hálfdanardóttir	Þórunn Björg Þórarinsdóttir frá Þorvaldsstöðum í Bakkafirði	Fjölskyldumynd, kabinetkort, hugsanlega Ingvar Sigurðsson prestur á Desjarmýri og fjölsk.
2016	73	Dagný Sigurðardóttir	Margrét Gísladóttir, Egilsstöðum	8 svarthvítar myndir, flestar merktar.
2016	74	Stefán Bogi Sveinsson	Stefán Bogi Sveinsson	Lögfræðibækur útg. 1992-2016.
2016	75	Páll Pálsson	Páll Pálsson / Páll Gíslason	Viðskiptamannabók sveitarsjóðs Jökuldalshrepps 1928-1932. Gestabók frá Sauðakofa á Vestur-Öræfum 1994-2002.
2016	76	Bókin ehf. / Ari Gísli Bragason	Kristján Jónsson, Eskifirði	Sjóferðabók fyrir Kristján Jónsson 1927-1936.

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 18. febrúar 2016

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 12:15.

Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Aukin rekstrarframlög 2016**
   Fyrir fundinum lá beiðni um aukin rekstrarframlög árið 2016 vegna ófyrirséðra launahækkana. Í fjárhagsáætlun sem var samþykkt á aðalfundi 2015 var gert ráð fyrir 5% launahækkunum. Nýr kjarasamningur milli sveitarfélaga og FOSA um 5,5% hækkun og yfirstandandi kjaraviðræður launanefndar sveitarfélaga við BHM sýna að launahækkanir voru vanáætlaðar. Forstöðumaður áætlar að laun og launatengd gjöld hækki um 1,5 millj. miðað við fyrri áætlun en kjarasamningur við BHM rann út 31.8.2015. Resktrarframlög þurfi því að hækka úr 20 millj. í 22 millj. að teknu tilliti til framlags til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og frádrætti Fjarðabyggðar vegna Mynda- og skjalasafns Norðfjarðar.

   Stjórn samþykkir að senda uppfærða fjárhagsáætlun og skiptingu rekstrarframlaga til aðildarsveitarfélaganna ásamt beiðni um hærri framlög á árinu 2016.

2. **Önnur mál**
   Beiðni stjórnar frá því í desember 2015, um nánari sundurliðun á fjárhæðum sem hafa farið í viðhald á Safnahúsi, hefur verið ítrekuð við Björn Ingimarsson bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs. Málið mun dragast lengur þar sem umsjónarmaður fasteigna er fjarverandi vegna veikinda.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 12:45.

Ólafur B. Valgeirsson [sign]
Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign]
Björn Hafþór Guðmundsson [sign]
Bára Stefánsdóttir [sign]

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 31. maí 2016

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 18:15.
Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Rekstrarreikningur 2015**
   Farið yfir drög að rekstrarniðurstöðu 2015 sem er í samræmi við áætlun sem gerði ráð fyrir 5,8 millj. kr. tapi eða sömu upphæð og reiknuð húsaleiga í Safnahúsi.

2. **Fjárhagsáætlun 2017**
   Farið yfir drög að fjárhagsáætlun sem gera ráð fyrir að tekjur hækki um 2 millj. miðað við áætlun 2016. Gjöld hækki sambærilega. Rekstrarniðurstaða verði neikvæð um 5,8 millj. sem er sama fjárhæð og raunleiga í Safnahúsi.
   Áætlunin verður send með tölvupósti til sveitarfélaganna en lokaútgáfa verður lögð fyrir aðalfund í hausti.

3. **Rekstrarframlög 2017**
   Gert er ráð fyrir 23,7 millj. í rekstrarframlög frá aðildarsveitarfélagum safnsins.

4. **Erindi frá Fjarðabyggð um stofnsamning**
   Í bréfi til stjórnar dags. 17. mars 2016 er óskað eftir að farið verði yfir samþykktir Héraðsskjalasafnsins og þeim breytt, sé þörf á, með hliðsjón af IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Stjórnin telur að þessar ábendingar eigi ekki við Héraðsskjalasafn Austfirðinga sérstaklega heldur séu almenns eðlis og telur því eðlilegt að sveitarfélögin sjálf eða samstarfsvettvangur þeirra kanni málið enda er um fjölmörg sambærileg samstarfsverkefni að ræða, svo sem byggðasamlög.

5. **Önnur mál**

   a) <u>Skönnun á hreppsbókum</u>
   Héraðsskjalasafnið og Skjala- og myndasafn Norðfjarðar hafa fengið 3 millj. í styrk frá Þjóðskjalasafni Íslands til að skanna gamlar hreppsbækur á Austurlandi. Starfsmaður hefur verið ráðinn til að sinna verkefninu tímabundið.
   b) <u>Afritun á hljóð- og myndefni</u>
   Héraðsskjalasafnið hefur fengið 1 millj. styrk frá Alcoa Fjarðaáli til að færa hljóð- og myndefni um héraðs- og menningarsögu Austurlands á stafrænt form.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:00.

Ólafur B. Valgeirsson [sign]
Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign]
Björn Hafþór Guðmundsson [sign]
Bára Stefánsdóttir [sign]

Stjórnarfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 26. september 2016

Fundurinn var símafundur og hófst hann kl. 12:15.
Mætt voru: Ólafur Valgeirsson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Björn Hafþór Guðmundsson og Bára Stefánsdóttir. Ólafur stjórnaði fundi og Bára ritaði fundargerð.

Dagskrá:

3. **Ársreikningur 2015**
   Tap af rekstri er 6,1 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 5,8 millj. kr. tapi (húsaleiga í Safnahúsi). Mismunur skýrist af óteknu orlofi sem er bókfært 308 þús. kr. Ársreikningurinn var samþykktur.

4. **Endurskoðunarskýrsla 2015**
   Skýrslan lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir gerðar.

5. **Undirbúningur aðalfundar**
   Aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 3. nóvember kl. 14 í Safnahúsinu í Neskaupstað.
   Í tilefni af 40 afmæli safnsins flytur Hrafnkell Lárusson erindi um sögu safnsins í lok dagskrár.

6. **Skuldbinding Fljótsdalshéraðs vegna Safnahúss**
   Á fundi Héraðsskjalasafnsins, Minjasafns Austurlands og sveitarfélagsins í desember 2015 óskuðu fulltrúar safnanna eftir nánari sundurliðun á útgjaldaliðum vegna viðhalds og endurbóta á Safnahúsinu á árunum 2014 og 2015. Yfirlitið hefur borist og þarfnast nánari skoðunar.
   Báru og Ragnhildi falið að vinna áfram með málið.

7. **Önnur mál**
   Engin önnur mál komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:10.

Ólafur B. Valgeirsson [sign]
Ragnhildur Rós Indriðadóttir [sign]
Björn Hafþór Guðmundsson [sign]
Bára Stefánsdóttir [sign]

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2016

Haldinn í Safnahúsinu í Neskaupstað fimmtudaginn 3. nóvember kl. 14.

Ólafur Valgeirsson formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna.
Kristín Ágústsdóttir tók að sér stjórn fundar og Bára Stefánsdóttir ritaði fundargerð.

Fundarstjóri fór yfir mætingu og umboð. Fulltrúar sveitarfélaga á fundinum voru:
Borgarfjarðarhreppur: umboð til fulltrúa Fljótsdalshéraðs
Breiðdalshreppur: Anna Margét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur: umboð til fulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar
Fjarðabyggð: Pétur Sörensson
Fljótsdalshérað: Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótsdalshreppur: Gunnar Gunnarsson
Seyðisfjarðarkaupstaður: Jónína Brá Árnadóttir
Vopnafjarðarhreppur: umboð til fulltrúa Breiðdalshrepps

Björn Hafþór Guðmundsson meðstjórnandi var einnig á fundinum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla stjórnar**
   Ólafur formaður flutti skýrslu um störf stjórnar milli aðalfunda 2015 og 2016. Haldnir voru þrír stjórnarfundir á árinu 2015 og tveir stjórnarmenn sátu fund um safnahúsið í desember. Bára forstöðumaður kynnti ársskýrslu, sagði frá starfsemi og sérverkefnum á árinu 2015.

2. **Afgreiðsla ársreiknings 2015**
   Bára fór yfir ársreikning. Rekstrargjöld ársins námu 35,5 millj. og rekstrartekjur 29,4 millj. Niðurstaða rekstrarreiknings árið 2015 er því rekstrartap uppá 6,1 millj. Þar af eru 5,8 millj. vegna reiknaðrar húsaleigu í safnahúsi og 308 þús. vegna breytinga á áföllnu orlofi. Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri. Handbært fé í árslok var 2,7 millj., hækkar um 449 þús. milli ára. Ársreikningurinn borinn undir atkvæði. Samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. **Afgreiðsla fjárhagsáætlunar 2017**
   Bára fór yfir fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir forsendum hennar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 33,5 millj. Rekstrartekjur verði 27,7 millj., þar af nemi rekstrarframlög aðildarsveitarfélaga 23,7 millj. Héraðsskjalasafnið verði því rekið með 5,8 millj. halla á árinu 2017 sem er sama upphæð og húsaleiga í Safnahúsinu.
   Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. **Kjör löggilts endurskoðanda**
   Stjórn leggur til að Magnús Jónsson hjá KPMG sjái áfram um endurskoðun ársreiknings. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. **Kjör skoðunarmanna reikninga**
   Stjórn leggur til að Sigurjón Jónasson og Ómar Bogason verði endurkjörnir skoðunarmenn reikninga. Varamenn verði: Adolf Guðmundsso og Sigurjón Bjarnason.
   Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. **Önnur mál**
   Fljótsdalshreppur býður til næsta aðalfundar.

   Að loknum aðalfundarstörfum verður dagskrá í tilefni af 40 ára afmæli Héraðsskjalasafnsins. Þangað mæta boðsgestir auka fundarmanna.

Fundargerðin var lesin upp og samþykkt af fundarmönnum. Jafnframt var fundarstjóra og fundarritara falið að undirrita hana.

Fundi var slitið kl. 15.11.

Kristín Ágústsdóttir [sign]
Bára Stefánsdóttir [sign]